

Minnisblað - 2005014

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Störf fyrir framhalds- og háskólanema sumarið 2020.*

Dags.: 11.5.2020

Fyrirvari til að senda inn tillögu að störfum fyrir framhalds- og háskólanema var mjög stuttur og því náðist ekki að hafa samráð við alla áður. Eftirfarandi listi var sendur til Vinnumálastofnunar:

- Hnitsetning ljósleiðara (mælingar úti og skráning í kortagrunn), 2 mánuðir.
- Skjölun á gögnum byggingar- og skipulagsfulltrúa, mælingar á lögnum og uppsetning í AUtocad, 2 mánuðir.
- Skráning minninga eldri Dalamanna (útbúa spurningalista og taka viðtöl). 1 mánuður.
- Vinna við uppbyggingu á Sturlureit (skilti, stígagerð o.fl.), 2 mánuðir.
- Rífa gömul útihús og hreinsa eftir það, 2 störf í 1 mánuð (verða að vera tveir einstaklingar við verkið á sama tíma).
- Fræðsla til íbúa um umhverfismál – flokkun sorps (yrði gengið í hús og rætt við fólk), 2 mánuðir.
- Mótun loftslagsstefnu fyrir Dalabyggð (þyrftum væntanlega þá að fá einstakling sem væri í fagi sem tengdist því). 1,5 mánuður.

Svigrúm ætti að vera innan fjárhagsáætlunar vegna þessara verkefna. Það sem helst er áskorun er verkstjórn vegna þessara verkefna. Þegar fyrir liggur svar frá Vinnumálastofnun þarf að taka afstöðu til hvernig því verður háttað.